

## 20. Grein - Stjórnarkjör

Skyld er að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu við kjör stjórnar, annarra en formanna deilda sem sæti eiga í stjórn, og skal tilhögun hennar fara eftir reglugerð ASÍ.

Stjórnarmenn skulu kosnir í **persónukjöri** til tveggja ára sem hér segir: Annað árið formann, ritara og einn meðstjórnanda. Hitt árið varaformann, vararitara og einn meðstjórnanda.

~~Í janúar ár hvert skal á fundi stjórnar kjósa uppstillingarnefnd fyrir félagið.~~

**Á haustdögum ár hvert skal á trúnaðarráðsfundi kjósa uppstillingarnefnd fyrir félagið. Þrír skulu eiga sæti í uppstillingarnefnd ásamt einum varamanni.**

Uppstillingarnefnd skal **auglýsa eftir áhugasömum félagsmönnum til að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið. Nefndin skal að því loknu láta fara fram könnun meðal allra trúnaðarráðsmanna, aðal og varamanna og trúnaðarmanna á vinnustöðum um hverjir eigi að gegna stjórnarstörfum fyrir félagið næsta kjörtímabil. Könnun skal vera leynileg** fara fram skriflega með óbundinni kosningu.

Uppstillingarnefnd skal leggja tillögur sínar fyrir trúnaðarráð fyrir 20. febrúar. Trúnaðarráð leggur síðan fram ~~lista~~ **tillögu** við stjórnarkjör í félaginu eigi síðar en 1. mars. Þar skal gerð tillaga um alla þá sem kjósa skal.

Að lokinni tillögugerð trúnaðarráðs auglýsir kjörstjórn félagsins **tillögu trúnaðarráðs** ~~hverjir skipi listann, sem ætíð skal vera A-listi,~~ og gefur félagsmönnum a.m.k. 14 sólarhringa frest til að bera fram ~~aðra lista~~ **önnur framboð.**

Er hvert það framboð gilt sem fram kemur innan þess tíma **og hefur skriflegt samþykki sá sem eru í framboði og meðmæli a.m.k. 5 fullgildra félaga.** ~~er fullmannað og hefur skriflegt samþykki þeirra sem eru í framboði og meðmæli a.m.k. 30 fullgildra félaga.~~

Komi fram fleiri **tillögur en tillaga trúnaðarráðs** ~~en einn listi~~ skal kjörstjórn láta kjósa um þá í allsherjaratkvæðagreiðslu í fyrsta lagi 1. apríl og í síðasta lagi 10. apríl.

Komi hins vegar ekki fram fleiri listar teljast þeir félagsmenn sem trúnaðarráð hefur gert tillögu um sjálfkjörnir.

Kosningu skal lýst á aðalfundi og tekur þá nýkjörin stjórn við félaginu.

Komi hins vegar ekki fram fleiri listar teljast þeir félagsmenn sem trúnaðarráð hefur gert tillögu um sjálfkjörnir.

Kosningu skal lýst á aðalfundi og tekur þá nýkjörin stjórn við félaginu.